

AÐALSKIPULAG SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐAR 2010-2030

Aðalskipulagsbreyting vegna stækkunar á hafnarsvæði Seyðisfjarðar og nýtt safnasvæði

18.06.2024

dags.br. 09.01.2025



SAMÞYKKTIR

MÚLAÞING

Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Múlaþings þann 15.1.25


MÚLAÞING
SKIPULAGSFULLTÖL

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 25. FEBRÚAR 2025





Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

8776-004-03-ASK-001-V05

HÖFUNDUR

Kamma Dögg Gísladóttir

RÝNT

Anna Katrín Svavarsdóttir

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Markmið breytingar	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Staðhættir	4
2.2	Stækkun hafnarinnar	5
2.3	Uppbygging á Tækniminjasafni Austurlands	6
2.4	Minjar	6
2.5	Gróður og dýralíf	7
2.6	Tengsl við aðrar áætlanir	8
2.6.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	8
2.6.2	Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044	8
2.6.3	Gildandi aðalskipulag	9
2.6.4	Deiliskipulag	9
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	9
3.1	Breyting á uppdrætti	9
4	UMHVERFISSKÝRSLA	10
4.1	Umhverfisþættir og viðmið	10
4.2	Valkostir og samanburður	11
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	12
5.1	Skipulagslýsing	12
5.2	Vinnslutillaga	12
5.3	Auglýst tillaga	12
5.4	Breyting eftir auglýsingu dags. 09.01.2025	13
	UPPDRÁTTUR	14

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Staðsetning breytingar er sýnd með rauðum hring. Mynd: kortasjá Múlaþings. 5

Mynd 2. Fyrirhuguð stækkun hafnarinnar. Hönnun: Vegagerðin. 6

1 INNGANGUR

Sveitarfélagið Múlaþing leggur hér fram breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Múlaþing áformar að endurskoða skipulag á hluta hafnarsvæðis á Seyðisfirði vegna breyttra forsendna, þróunar á hafnarsvæðinu og áforma um uppbyggingu á Tækniminjasafni Austurlands. Samhliða er gerð breyting á deiliskipulagi fyrir Fjarðarhöfn, Pálshús og Ölduna.

1.1 Markmið breytingar

Megin markmið þessarar breytingar er fyrst og fremst að auka athafnarými hafnarinnar með landfyllingu og lengingu á hafnarkanti, til þess að bæta aðgengi að hafnarkanti og tryggja öruggt athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi til framtíðar. Einnig er markmiðið að tryggja öruggt svæði fyrir uppbyggingu á Tækniminjasafni Austurlands.

2 FORSENDUR

Þrjár meginforsendur eru fyrir endurskoðun á hafnarsvæðinu við Strandarbakka. Í fyrsta lagi er stór hluti af svæðinu inni á hættusvæði C samkvæmt hættumati og ekki er hægt að verja þau að fullu með varnarmannvirkjum. Í öðru lagi, hefur á síðustu árum orðið mikil fjölgun á komum skemmtiferðaskipa og oft á tíðum ekki hægt að taka á móti skipum að Strandarbakka þegar ferjan Norræna er í höfn. Í þriðja lagi stendur Tækniminjasafn Austurlands á miklum tímamótum þar sem mikið tjón varð á safnkosti þess eftir náttúruhamfarir í desember 2020. Safnið þurfti að endurhugsa marga þætti og þar á meðal nýja staðsetningu og húsnæði.

2.1 Staðhættir

Seyðisfjörður liggur inn í Seyðisfjarðarflóa frá austri til vesturs og beygir til suðurs innst, þar sem kaupstaðurinn er fyrir botni fjarðarins. Undirlendi er fremur lítið inn í botninum en út með firði er það talsvert meira. Fjörðurinn er umgirtur háum fjöllum sem eru hæst um 1100 metrar. Frá náttúrunnar hendi er hafnaraðstaðan á Seyðisfirði einstök og hefur hún gert Seyðisfjörð að mikilvægri samgönguæð frá því fyrr á öldum og til dagsins í dag, einkum vegna nálægðarinnar við meginland Evrópu. Norræna, eina farþega- og bílaferjan sem siglir milli Íslands og Evrópu kemur vikulega til Seyðisfjarðar.

Breytingin nær yfir um 8 ha svæði við núverandi hafnaraðstöðu Norrænu sem kallast Strandarbakki og svæðið í kring. Svæðið er að stórum hluta landfylling og afmarkast af lóðum við Lónsleiru í suðri og Hafnargötu í austri, að lóðarmörkum við Hafnargötu 25. Búðará rennur í gegnum svæðið í manngerðum farvegi, utan við ána er sjóvarnargarður og smábátahöfn, innan við ána er óbyggt svæði sem hefur verið nýtt sem almenningsgarður (Hafnargarður), hundasvæði og geymslusvæði í tengslum við ferðaþjónustu.



Mynd 1. Staðsetning breytingar er sýnd með rauðum hring. Mynd: kortasjá Múlþings.


2.2 Stækkun hafnarinnar

Stækkun hafnarinnar, felur í sér gerð nýs 280 m stálþilsviðlegukant og breytta staðsetningu á smábátahöfninni. Núverandi viðlegukantur Strandarbakka er um 170 m og verður hann framlengdur um 280 m í heildina. Fyrstu 200 metrarnir koma í beinu framhaldi af núverandi viðlegukanti til norðaustur. Þar fyrir utan kemur 80 m viðlegukantur sem sveigir í átt að landi til að skýla smábátahöfninni. Þannig að ysti hluti bryggjunnar mun hafa viðlegukant beggja vegna (sjá mynd 2). Dýpið við utanverða viðlegukantana verður 10 m en að innanverðu um 6 m á 49 m löngum kafla. Innan við verður smábátahöfn með flotbryggju, pláss fyrir 20-24 hefðbundna strandveiðibáta og 6-8 skútur eða stærri báta. Dýpið í smábátahöfninni verður 2,5 m og verður það jafnað út með því að hliðra til efni á hafsbotni. Ekki verður fjarlæggt efni af hafsbotni. Heildarefnispörf stækkunar er um 149.000 m³ og nær framkvæmdasvæðið yfir um 3 ha. Sökum þess hve aðdjúpt er þarf einnig að fylla aðeins fyrir framan viðlegukantinn svo að stálþil fái nógu góða festu. Gert er ráð fyrir að efnispörf skiptist niður á eftirfarandi hátt:

- Landfylling bakvið stálþil: 135.000 m³.
- Sjófylling fyrir framan stálþil 14.000 m³.

Í framkvæmdina verða nýtt jarðvegsefni úr Fjarðarheiðagöngum en einnig verður efni úr núverandi grjótnargarði í smábátahöfninni endurnýtt að fullu við gerð á nýjum grjótvörnum. Um 2.000 m³ af grjóti, allt frá smágrýti og upp í 3-4 tonna grjót, þarf til viðbótar í grjótnargarðana. Ef efnið fæst ekki við gerð Fjarðarheiðarganga verður það efni sótt í Skaganámu sem staðsett er rétt innan við þéttbýlið. Í Skaganámu er gert ráð fyrir efnistöku á allt að 350.000 m³ efni og alls er talið að umframefni úr Fjarðarheiðagöngum (Seyðisfjarðar megin) verði á bilinu 360.000 - 420.000 m³. Stækkun hafnarinnar er

háð efnisflutningum úr Fjarðarheiðargöngum en reiknað er með að framkvæmdin verði unnin í einum áfanga. Á svæðinu eru engar jarðmyndanir sem njóta verndar.



Mynd 2. Fyrirhuguð stækkun hafnarinnar. Hönnun: Vegagerðin.

Með stækkun á hafnarsvæðinu opnast möguleikar á að taka á móti skemmtiferðaskipum og fleiri strandveiðibátum eða öðrum smærri bátum. Einnig opnast möguleikar í framtíðinni að landtengja skemmtiferðaskip sem leggjast að bryggju.

2.3 Uppbygging á Tækniminjasafni Austurlands

Starfshópur gerði tillögur um flutning sögulegra húsa á Seyðisfirði eftir hamfarirnar 2020 og lagði til að nýtt safnasvæði verði við Lónsleiru (13-17) og að bryggjuhúsið Angró yrði jafnframt flutt þangað. Einnig eru áform um að við hlið Angró, að sunnanverðu, muni rísa hús sem taka mið af Gömlu skipasmíðastöðinni. Þá er gert ráð fyrir að nægt rými sé á lóðinni fyrir frekari uppbyggingu þegar fram í sækir.

2.4 Minjar

Svæðið er meira og minna á manngerðri landfyllingu sem var að stórum hluta gerð á árunum um aldarmótin 2000. Í gegnum tíðina hefur verið mikið rask á svæðinu, bæði vegna framkvæmda við höfnina og í tengslum við skriðuföllin árið 2020. Fornleifaskráning var gerð á Seyðisfirði í tengslum við

aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030¹ en sú skráning uppfyllir ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Eftirfarandi minjar eru skráðar innan svæðisins skv. þeirri skráningu:

- **NM-249-143** – Hleðsla – sést ekki til fornleifa vegna niðurrifs.
- **NM-249-149** – Hleðsla – sést ekki til fornleifa vegna niðurrifs.
- **NM-249-153** – Hleðsla – sést ekki til fornleifa vegna rasks.
- **NM-249-154** – Hleðsla – sést ekki til fornleifa vegna bygginga.
- **NM-249-158** – Hleðsla – sést ekki til fornleifa vegna rasks.

Auk minjanna er eitt friðlýst hús og eitt friðað hús innan svæðisins:

- **Hafnargata 11(Ríkið)** - byggingarár 1918, friðlýst 24.02.2009, friðlýsingin nær til ytra byrði hússins og verslunarinnréttinga á 1. hæð.
- **Hafnargata 25(Þórshamar)** – byggingarár 1882, aldursfriðað skv. lögum um menningarminjar nr.80/2012.

Skv. umsögn Minjastofnunar við skipulagslýsingu dags. 24.02.23 hefur minjavörður skoðað svæðið á vettvangi og telur ekki þörf á uppfærslu á fyrirliggjandi fornleifaskráningu á svæðinu. Komi áður óþekktar minjar í ljós á framkvæmdatíma skal hafa samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

2.5 Gróður og dýralíf

Svæðið er að mestu landfylling og hefur verið mikið raskað í gegnum tíðina. Engan náttúrulegan gróður eða vistgerðir er þar að finna. Svæðið hefur verið grætt upp að hluta með grasi, lúpínu og lágum trjágróðri.

Engin náttúruleg fjara er innan svæðisins, né náttúruleg varpsvæði. Við ströndina má helst finna æðarfugla og máfa. Um 1 ha af sjávarbotni mun fara undir nýja landfyllingu, stór hluti nýja hafnarkantsins er meðfram manngerðri grjótvörn og innan núverandi smábátahafnar þar sem botninum hefur verið raskað að stórum hluta. Einnig kemur nýji hafnarkanturinn til með að ná inn á svæði þar sem stóra skriðan gekk fram í sjó í desember 2020. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á botndýralífi innan Seyðisfjarðarhafnar en utar í firðinum voru gerðar athuganir í júlí 2019 í tengslum við umhverfismat á laxeldi Fiskeldi Austfjarða. Tekin voru sýni á tveimur fyrirhuguðum eldissvæðum í firðinum og allar þær tegundir sem fundust eru algengar á grunnsævi við Ísland og engin sjaldgæf tegund fannst né tegund með sérstakt verndunargildi.

¹ Bjarki Borgþórsson og Ólafur Örn Pétursson, 2009. *Fornleifaskráning Seyðisfjarðar, unnin vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar 2009-2029*. Seyðisfjörður.

2.6 Tengsl við aðrar áætlanir

2.6.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf ásamt gæðum hins byggð umhverfis. Einnig að við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftlagsbreytinga. Eftirfarandi kemur m.a. fram í stefnunni og verður horft til við gerð þessara skipulagsáætlana:

„3.7.1 Skipulag með tilliti til náttúruvár og umhverfisbreytinga.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.“

„3.3.2 Heilnæmt umhverfi.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.“

„3.4.1 Öflugir innviðir.

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“

2.6.2 Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044

Í Svæðisskipulagi Austurlands er sett fram stefna á sviði umhverfis, efnahags, samfélags og menningar, einnig er sett fram stefna um einstök atriði og við mótun þessarar skipulagsáætlunar er horft til eftirfarandi atriða:

„G.1 Verðmætar menningarminjar varðveitist.

Staðið verði vörð um verðmætan byggingararf og aðrar menningarminjar.

Í þeim tilgangi að gera söguna sýnilega er einnig mikilvægt að söfn séu í stakk búin að geta varðveitt og sýnt fornminjar sem finnast í landshlutanum.“

„I.1 Hefðbundnir hornsteinar atvinnulífs Austurlands; sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður viðhaldist og styrkist.

Sjávarútvegur viðhaldist sem lykilatvinnugrein landshlutans með því að: Búið verði vel að útgerð og vinnslu með góðum atvinnusvæðum, hafnarmannvirkjum og öðrum innviðum. Stuðlað verði að möguleikum smábáta til að sækja afla á mið nálægt landi.“

2.6.3 Gildandi aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030, staðfest 22.12.2010. Þar er skipulagssvæðið að mestu skilgreint sem hafnarsvæði en einnig að hluta til iðnaðarsvæði, athafnasvæði, blönduð landnotkun fyrir íbúðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði. Eitt af markmiðum aðalskipulagsins er að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna sem koma til Seyðisfjarðar með bílferju og skemmtiferðaskipum.

Á lóðum við Lónsleiru 13-17 og Hafnargötu 11 og 25 er skilgreint hverfisverndarsvæði - H1 Miðbær Seyðisfjarðarkaupstaðar. Markmið hverfisverndar er að skapa í miðbæ Seyðisfjarðar heilsteypta bæjarmynd sem byggir á andrúmslofti liðins tíma með verndun sögulegra húsa og götumynda að leiðarljósi. Með hverfisvernd er stefnt að því að vernda þau hús sem hafa sögulegt og fagurfræðilegt gildi, færa önnur í fyrra horf og leyfa við- og nýbyggingar þar sem aðstæður leyfa með ströngum skilyrðum sem uppfylla markmið hverfisverndar.

2.6.4 Deiliskipulag

Á hluta svæðisins er í gildi deiliskipulagið *Fjarðarhöfn, Pálshúsreitur og Aldan*, samþykkt 16.03.2016. Samhliða er unnin breyting á deiliskipulaginu í samræmi við áform um uppbyggingu á hafnarsvæðinu og við austanvert Lónið, á svæði fyrir þjónustustofnanir þar sem ráðgert er að Tækniminjasafni Austurlands rísi.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI


Breytingin felur einungis í sér breytingu á þéttbýlisupprætti.

3.1 Breyting á upprætti

Á þéttbýlisupprætti eru eftirfarandi breytingar gerðar:

1. **Hafnarsvæðið** er stækkað með því að lengja hafnarkantinn við Strandarbakka, færa núverandi smábátahöfn og skapa meira landrými með landfyllingu fyrir hafnsækna starfsemi.
2. **Iðnaðarsvæði** - skólphreinsistöð færð af hafnarbakkannum til að skapa betra athafnasvæði við hafnarbakkann.
3. Við austurenda Lónsins er skilgreint **svæði fyrir þjónustustofnanir**. Þar sem gert er ráð fyrir Tækniminjasafni Austurlands.
4. Lóð við Hafnargötu 11 er skilgreind sem **verslunar- og þjónustusvæði** og merking fyrir friðlýst hús fært inn á upprátt.
5. Lóð við Hafnargötu 25 er skilgreind sem **athafnasvæði**.

6. Íbúðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði við árfarveg Búðará er felld út af skipulagi í samræmi við hættumat og ofanflóðavarnir.
7. Tengivegurinn Drafnarleira er felldur út af skipulagi til að bæta umferðaröryggi, stækka lóðir á svæðinu og koma í veg fyrir óþarfa kostnað í gatnagerð.



4 UMHVERFISSKÝRSLA

Skipulagsáætlun þessi felur í sér framkvæmd sem er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. tl. 10.10 í 1. Viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, þar sem um er að ræða hafnarframkvæmdir sem falla ekki undir lið 10.09. Múlaþing fékk EFLU verkfræðistofu til að vinna greinargerð (dags. 20.01.2023) með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar. Álit Skipulagsstofnunar lá fyrir 20.03.2023 þar sem fyrirhuguð framkvæmd er ekki talin háð mati á umhverfisáhrifum. Gögn úr matsskyldufyrirspurn eru nýtt í umhverfismatsskýrslu þessa.

4.1 Umhverfisþættir og viðmið

Áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar á einstaka þætti umhverfisins eru metin. Við matið er horft til neðan greinda umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum:

Tafla 1. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	UMHVERFISVIÐMIÐ
Land og landslag Landslag. Jarðmyndanir. Ásýnd og yfirbragð.	Hefur breytingin áhrif á landslag? Hefur breytingin áhrif á jarðmyndanir? Hefur breytingin áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Gróður og dýr Gróðurlendi og vistkerfi. Búsvæði dýra.	Hefur breytingin áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur breytingin áhrif á búsvæði dýra?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	UMHVERFISVIÐMIÐ
Heilbrigði <i>Mengun og hávaði.</i> <i>Öryggi.</i>	Er hættu á mengun eða hávaða vegna breytingarinnar? Hefur breytingin áhrif á umferðaröryggi?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Vatnaáætlun 2022-2027
Samfélag <i>Þjónusta við ferðamenn.</i> <i>Atvinnulíf.</i>	Stuðlar breytingin að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn? Hefur breytingin áhrif á atvinnutækifæri? Hefur breytingin áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i>	Hefur breytingin áhrif á fornminjar?	Stefna í aðalskipulagi.

4.2 Valkostir og samanburður

Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:

- Valkostur I / Núllkostur – Gildandi skipulag.** Engin breyting gerð á gildandi aðalskipulagi.
- Valkostur II / Valinn kostur – Breytt aðalskipulag.** Lenging á hafnarkanti við Strandarbakka, færsla á smábátahöfn, íbúðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði við Búðará minnkað. Skilgreint er svæði fyrir þjónustustofnanir þar sem fyrirhugað er að Tæknimínjasafn Austurlands rísi.

Í töflu hér að neðan eru borin saman umhverfisáhrif metinna valkosta.

Jákvæð áhrif		Neikvæð áhrif		Óveruleg áhrif		Óviss áhrif	
--------------	---	---------------	---	----------------	---	-------------	---

Tafla 2. Samanburður umhverfisáhrifa.

VALKOSTIR	NÚLLKOSTUR	VALKOSTUR I
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og yfirbragð.</i>	Engin áhrif.	Óveruleg áhrif – Ásýnd svæðisins mun breytast frá því sem það er í dag en jafnframt munu hafnarmannvirkin sjálf vera lágreist og ekki skaga út í fjörðinn. Ný landfylling er viðbót við þá eldri og mun falla vel að núverandi aðstæðum og starfsemi. Uppbygging safnasvæðis við Lónið mun
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	Engin áhrif.	Óveruleg áhrif – svæðið er nú þegar að miklu leyti raskað og er innan þéttbýlis. Á framkvæmdatíma geta verið tímabundin neikvæð áhrif s.s. vegna ónæðis/áreitiss og gruggs í sjó.
Heilbrigði <i>Mengun og hávaði.</i> <i>Öryggi.</i>	Neikvæð – ekki möguleikar að landtengja skemmtiferðaskip í framtíðinni og aðstaða á hafnarsvæðinu ekki bætt eins og þurfa þykir.	Óveruleg áhrif /jákvæð áhrif – Með breytingunni er verð að bæta aðstöðu og öryggi á hafnarsvæðinu. Möguleg tímabundin neikvæð áhrif á loftgæði og hljóðvist á framkvæmdartíma. Möguleikar fyrir hendi í framtíðinni að landtengja skemmtiferðaskip. Breyting er í samræmi við markmið gildandi aðalskipulag um

VALKOSTIR	NÚLLKOSTUR	VALKOSTUR I
		að bæta aðstöðu til móttöku ferðmanna sem koma til Seyðisfjarðar með ferjunni og skemmtiferðaskipum.
Samfélag Atvinnulíf. Þjónusta við ferðamenn.	Neikvæð áhrif – engin uppbygging á innviðum á hafnarsvæðinu sem hamlar vexti atvinnulífs. Engin framtíðar staðsetning fyrir Tækniminjasafn Austurlands.	Jákvæð áhrif – Með breytingunni er verið að stuðla að bættum innviðum og öruggi á hafnarsvæðinu sem rennur stoðum undir stöðuleika í atvinnulífi. Breytingin styður við uppbyggingu á Tækniminjasafni Austurlands sem getur haft jákvæð efnahagsleg áhrif, styður við menningu og jafnframt getur safnið orðið einn af seglum svæðisins. Breytingin er í samræmi við markmið gildandi aðalskipulag að bæta aðstöðu til móttöku ferðmanna sem koma til Seyðisfjarðar með ferjunni og skemmtiferðaskipum.
Náttúru- og menningarminjar Fornminjar.	Neikvæð áhrif – styður ekki við varðveislu á safnkosti Tækniminjasafns Austurlands .	Jákvæð áhrif – Breytingin styður við varðveislu á safnkosti Tækniminjasafns Austurlands.

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

5.1 Skipulagslýsing

Sameiginleg skipulags- og matslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulag var auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins www.mulathing.is og send Skipulagsstofnun til umsagnar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umsagnir og ábendingar bárust frá; Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, RARIK, Minjastofnun Íslands, HEF veitum, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Fjarðabyggð og FARICE ehf. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til athugasemda.

5.2 Vinnslutillaga

Tillagan var kynnt á vinnslustigi frá 08.03.2024 - 16.04.2024. Þar gafst íbúum og hagsmunaaðilum tækifæri að senda inn ábendingar/athugasemdir. Tillagan var einnig send til umsagnaraðila og bárust athugasemdir frá: Skipulagsstofnun, Farice ehf., Svæðisskipulagssnefnd sambands sveitarfélaga á Austurlandi, hönnunarteymi nýs safnsvæðis við Lónsleiru og Tækniminjasafni Austurlands, Minjastofnun Íslands og Samgöngustofu.

5.3 Auglýst tillaga


Tillagan var auglýst frá 20.11.2024 - 01.01.2024 og bárust athugasemdir/ábendingar frá: Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands og Veðurstofu Íslands.

5.4 Breyting eftir auglýsingu dags. 09.01.2025


Merking á friðlýstu húsi fært inn á uppdrátt fyrir Hafnargötu 11.

Þéttbýlisuppdráttur - Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030

Aðalskipulagsbreyting



Gildandi uppdráttur 1:10.000



Breyttur uppdráttur 1:10.000

SKÝRINGAR

- ÞÉTTBÝLI
- ÍBÚÐARSVÆÐI
- SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ
- VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
- MIDSVÆÐI
- SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
- ATHAFNASVÆÐI
- IÐNAÐARSVÆÐI
- HAFNARSVÆÐI
- FYRRVERANDI SORPFÖRGUNARSVÆÐI
- OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- ÓBYGGÐ SVÆÐI
- LANDBÚNAÐARSVÆÐI
- BLÖNDUÐ LANDNOTKUN
- SJÓR, ÁR, VÖTN OG LÆKIR
- MÖRK SVEITARFÉLAGSINS
- JARÐAMÖRK
- STOFNVEGIR
- TENGIVEGIR
- AÐRIR VEGIR - TIL SKÝRINGAR / EKKI TIL STAÐFESTINGAR
- GÖNGUSTÍGAR / GÖNGULEIDIR
- FRIDLÝST HÚS
- MÖRK BREYTINGAR

HÆTTUSVÆÐI OFANFLÓÐA

- HÆTTUSVÆÐI C (ÓBYGGÐ SVÆÐI)
- HÆTTUSVÆÐI B (ÓBYGGÐ SVÆÐI)
- HÆTTUSVÆÐI A (ÓBYGGÐ SVÆÐI)
- STAÐARÁHÆTTA 3,0 AF 10.000 Á ÁRI - LÍNA c
- STAÐARÁHÆTTA 1,0 AF 10.000 Á ÁRI - LÍNA b
- STAÐARÁHÆTTA 0,3 AF 10.000 Á ÁRI - LÍNA a
- ÚTLÍNUR HÆTTUMATSSVÆÐIS
- TRJÁRÆKT



Þéttbýlisuppdráttur - Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030
Múlaþing
Aðalskipulagsbreyting

VERK:	BLAÐSTÆRD:	UNNIÐ:	RÝNT:
8776-004	A4	KDG	AKS

MÆLIKVARDI:	DAGS:	DAGS BREYT:
1:10.000	18.06.2024	09.01.2025

SAMPYKKT: